



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á málþingi Alþjóðlegrar frímúrarareglu
karla og kvenna, *Le Droit Humain***

**Reykjavík
4. mars 2023**

Vigdís Finnbogadóttir,
ágæti stjórnandi Íslandssambands
hinnar alþjóðlegrar frímúrarareglu karla og kvenna,
góðir áheyrendur.

Ég þakka þann heiður að flytja hér ávarp í tilefni þess að öld er liðin frá því að Alþjóðleg frímúrararegla karla og kvenna, *Le Droit Humain*, hóf störf á Íslandi. Það gerðist með stofnun fyrstu stúkunnar hinn 12. mars 1921, eins og þið vitið eflaust mörg í þessum sal. Í hitteðfyrra geisaði heimsfaraldurinn hins vegar enn og því er það ekki fyrr en nú að aldarafmælinu er fagnað.

Hér og nú viðurkenni ég fúslega að ég vissi áður lítið um þessa reglu og starfsemi hennar. Allmargs varð ég vísari við undirbúning þessa erindis, ekki síst eftir að ég las fróðlegt yfirlit Kristínar Jónsdóttur um aldarsögu reglunnar á Íslandi.

Ég geri ráð fyrir að margir Íslendingar setji félag hennar undir sama hatt og aðra frímúrara. Hún heitir jú frímúrararegla og nokkur leynd hvílir yfir fundum og siðum reglusystkina. Þá eru ýmis heiti og viðmið háfleyg og hljóma þau jafnvel undarlega í eyrum okkar sem stöndum utan vébanda. Þannig les ég á vefsíðu reglunnar að unnið sé samkvæmt „Hinum forna og viðurkennda skoska siðakerfi“ sem telji 33 stig og yfirmaðurinn hér á Íslandi nefnist „Voldugur stjórnandi Íslandssambandsins“.

Sá er þó munur á Hinni alþjóðlegru frímúrarareglu karla og kvenna annars vegar og Frímúrarareglunni á Íslandi hins vegar – eins og nafnið sjálft gefur til kynna – að konur eru velkomnar í fyrrnefnda félagsskapinn. Það má svo

sannarlega teljast breyting til batnaðar. Á fésbókarsíðu reglunnar – annarri nýjung ef út í það er farið – les ég að nauðsynlegt hafi þótt að skila starfi frímúrara til nútímans í samræmi við breytt þjóðfélagsviðhorf og jafnréttishugsjón. Já, getur kona verið frímúrari? Þannig var kannski spurt hér á landi í upphafi síðustu aldar og svarið var nei – fram til ársins 1921.

Getur kona verið forseti? Þannig var spurt fyrir rúmum fjórum áratugum og svarið þá var að sjálfsgöðu já. Vigdís Finnbogadóttir vígðist einmitt í þessa reglu þegar hún sat á Bessastöðum. Það er ekkert leyndarmál, ekki frekar en hitt að tveir aðrir forsetar voru í Frímúrarareglunni á Íslandi á sinni tíð, Sveinn Björnsson og Ásgeir Ásgeirsson. Og ekki nóg með það – þeir urðu báðir stórmeistarar hennar og tók Sveinn við hinu æðsta embætti af Kristjáni X. Konungur hélt reyndar þeirri stöðu til dánardags árið 1947, þremur árum eftir lýðveldisstofnun.

Ágætu áheyrendur: Fram undan er fróðlegt málþing. Sjónum verður beint að göfugum hugsjónum sem félagar hinnar Alþjóðlegu frímúrarareglu karla og kvenna vilja halda í heiðri. *Samkennd, samviska, samfélag*. Þetta mega teljast holl grunngildi okkar allra, hvers og eins og saman í heild.

Hér á eftir verða fluttir fróðlegir fyrirlestrar um þessi efni. Ég þykist vita að bræður og systur í hinni Alþjóðlegu frímúrarareglu karla og kvenna leitist við að efla sig sjálf, og þá bæði með því að láta til sín taka en einnig með íhugun og sjálfsrýni, og með því að læra af öðrum, taka á móti boðskap og hlíta leiðsögn.

Nú hlakka ég til að hlýða á erindi frekar en að láta móðan mása sjálfur. Einu vil ég þó bæta við: Eftir því sem árin færast yfir finnst mér ys og þys aukast nær hvert sem litið er. Allt virðist gerast svo miklu hraðar en áður fyrr. Bréf eru ekki samin, send og móttekin á hraða snigilsins eins og gjarnan er sagt í gamni, eða jafnvel í hæðnistón. Tölvupóstar og önnur skilaboð berast ótt og títt, ekki heim í lúguna heldur í símann við höndina. Afþreying virðist alltaf og alls staðar í boði, eða jafnvel í *ofboði* svo að maður leiki sér aðeins með tungumálið. Hvíld verður lúxus, kyrrð sömuleiðis.

Hér talar auðvitað forréttindapési – ekki eru þetta þrautir meginþorra mannkyns. Þar að auki vil ég halda því til haga að óheft fortíðarþrá – nostalgía – getur verið mikið mein. Upp til hópa líður fólki mun betur í heimi hér en áður fyrr, það lifir að jafnaði lengur og nýtur meiri lífsgæða nú á marga lund.

Fyrir það má þakka. Kannski er vanþakklæti einmitt vaxandi vandamál meðal þeirra sem njóta góðrar heilsu og hvers kyns öryggis, að mikið vilji meira frekar en að það sé metið sem er þó í hendi.

Hinu vil ég einnig halda fram að okkur er ætíð hollt að staldra við og ígrunda hvaðan við komum og hvert við viljum halda. Já, ætli okkur sé ekki hollt að geyma það sem er gamalt og gott en fagna um leið ferskum straumum,

láta hið sígilda mæta hinu nýja. Mætti ekki einmitt segja það um frímúrarareglu sem hefur í heiðri jafnfrétti kynjanna?

Samkennd, samviska, samfélag. Í lokin segi ég hér tvær smásögur sem ég vitna gjarnan til þegar þessa þætti ber á góma. Þekktur mannfræðingur var eitt sinn spurður að því hvað hún teldi vera fyrstu merki um menningu meðal mannkyns. Myndu það vera tilhöggirnir steinar? Örvaroddar? Leirker? Nei, svaraði sú þaullærða, það myndi frekar vera ævafornt bein úr manni, lærleggur sem hafði brotnað en verið búið um svo að greri um heilt. Lærbrotin manneskja gat ekki verið hópi fólks að gagni, jafnvel hættuleg með því að hægja á ferð þess. Því lægi beint við að yfirgefa hana og láta hana bíða örlaga sinna. En þarna hafði einhver lagt það á sig að hjálpa þeim sem var hjálpar þurfi. Það er merki um samkennd, samvisekusemi, samfélag.

Á sama hátt nefni ég líka gjarnan að í sagnaarfi okkar Íslendinga má víða finna óð til hins sterka og volduga. En sögurnar geyma einnig lof um líkn og það segir auk þess sitt að tekist hefur að greina með nokkurri vissu eitt orð á fornu rúnakefli, einni elstu heimild um íslenska skrift sem fannst við uppgröft undir lok síðustu aldar. Það orð, góðir áheyrendur, verður lokaorðið í máli mínu, og það orð er ást.